

## Samþykki fyrir myndatöku grunnskóla og birtingu myndefnis

<b>Nafn barns</b>	<b>Kennitala</b>
<b>Grunnskóli</b>	
<b>Forsjáraðili</b>	<b>Kennitala</b>
<b>Forsjáraðili</b>	<b>Kennitala</b>

Grunnskólar Snæfellsbæjar starfa samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerðum sem eiga stöð í þeim lögum, skólustefnu Snæfellsbæjar, aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá grunnskólans. Sem liður í uppeldis- og menntastarfinu í grunnskólanum og til að veita forsjáraðilum og nemendum innsýn í starfsemi okkar eru oft teknar ljósmyndir og myndbönd af nemendum í leik og starfi. Tilgangurinn með myndatöku skólans og birtingu myndefnis er því að upplýsa forsjáraðila um skólastarf og miðla upplýsingum úr daglegu starfi skólans til þeirra.

Allt myndefni er vistað í ljósmyndasafni grunnskólans. Myndefnið getur birst víða, s.s. á vefsíðu grunnskólans og á öðrum opinberum vettvangi á vegum skólans og Snæfellsbæjar. Ljósmyndir eru ýmist notaðar í fréttabréfum, skólanámskrá, kynningarefni, fyrirlestra og til að upplýsa forsjáraðila um skólastarfið. Bekkjarmyndir eru teknar af starfsmanni grunnskóla eða ljósmyndara á vegum skólans og mun forsjáraðilum standa til boða að kaupa eintök af bekkjarmyndum barna sinna. Að 30 árum liðnum er myndefnið afhent Þjóðskjalasafni í samræmi við lög um opinber skjalasöfn.

Á eyðublaði þessu lýsa forsjáraðilar því yfir hvort þeir séu samþykkir aðgreindum vinnsluáðgerðum grunnskólans á persónuupplýsingum barna þeirra hvað varðar myndatökur, myndbandsupptökur og birtingar myndefnis. Undirritaður forsjáraðili tekur með þeim hætti afstöðu til þess hvort grunnskólanum sé heimilt að taka ljósmyndir og/eda myndbönd af barni hans og vinna með þeim hætti sem að neðan greinir og staðfestir þá afstöðu sína með undirritun sinni. Þær upplýsingar sem hér eru veittar eru geymdar á öruggum stað og ekki notaðar í öðrum tilgangi en til að staðfesta samþykki.

### Myndataka og myndbandsupptaka

1. Samþykkir þú að teknar séu ljósmyndir af barni þínu í daglegu starfi skólans?  Já  Nei
2. Samþykkir þú að tekin séu myndbönd af barni þínu í daglegu starfi skólans?  Já  Nei
3. Samþykkir þú að teknar séu ljósmyndir af barni þínu fyrir bekkjarmyndir sem gefnar verða út með nafngreiningu þess og tilgreiningu á bekk hverju sinni?  Já  Nei

### Birting myndefnis

4. Má birta myndefnið í útgefnu efni á vegum skólans (fréttabréfum, skólanámskrá o.s.frv?)  Já  Nei
5. Má birta myndefnið á veggjum skólans?  Já  Nei
6. Má birta myndefnið á vefsíðu skólans?  Já  Nei
7. Má birta myndefnið á vefsíðu Snæfellsbæjar?  Já  Nei
8. Má birta myndefnið í rafræna upplýsingakerfinu Mentor?  Já  Nei
9. Má nota myndefnið í kynningarefni og fyrirlestra á vegum skólans?  Já  Nei
10. Má nota myndefnið til að upplýsa forsjáraðila um skólastarf?  Já  Nei

**Samþykkir þú allt ofangreint**

**Já**  **Nei**

Grunnskóli Snæfellsbæjar sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar mun fylgja gildandi lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð myndefnisins. Sé efni birt á síðum Snæfellsbæjar er bærinn samábyrgðaraðili varðandi þá birtingu og fylgir sömu ákvæðum laga. Athygli er vakin á því að heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er og skal það gert skriflega á þar til gert eyðublað. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar annað eða til þriðju aðila, án leyfis forsjáraðila og eru þau varðveitt sem trúnaðarmál.

Samþykkisyfirlýsing þessi er í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

#### **Reglur okkar um myndatökur og birtingar myndefnis**

- Við munum ekki taka ljósmyndir eða myndbönd af nemendum nema með samþykki þeirra hverju sinni.
- Við munum einungis taka myndir eða myndbönd af nemendum á tæki í eigu skólans. Starfsfólk okkar hefur ekki heimild til að taka myndir eða myndbönd af nemendum á tæki í einkaeigu.
- Við munum ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um þá sem birtast í myndefni þegar við notum myndefnið, hvorki á heimasíðu eða í kynningarefni sem við gefum út nema þegar um sérstakar aðstæður er að ræða. Sem dæmi þá kunnum við að birta nafn við mynd ef barnið hefur unnið til sérstakra verðlauna.
- Um allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar gildir að gæta ber varúðar, nærgætni og siðgæðis. Börn munu aldrei vera sýnd á ögrandi, niðrandi eða óviðeigandi hátt.
- Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að byggja á einhverri af heimildum í 9. gr. persónuverndarlaga. Í flestum tilvikum byggir vinnsla persónuupplýsinga skólans í tengslum við myndatökur og birtingu myndefnis á upplýstu samþykki skráðs einsaklings, sbr. 1. tl. 9. gr. laganna. Þó kunna að vera tilvik þar sem slík vinnsla persónuupplýsinga byggir á öðrum heimildum, s.s. nauðsyn til þess að fullnægja lagaskyldu
- Í vissum tilvikum byggir vinnsla persónuupplýsinga á vegum skólans í tengslum við myndatökur og birtingu myndefnis á öðrum heimildum persónuverndarlaga en upplýstu samþykki skráðs aðila, s.s. nauðsyn til þess að fullnægja lagaskyldu sbr. 3. tl. 9. gr. laganna og brýnum hagsmunum hins skráða eða annars einstaklings, sbr. 4. tl. 9. gr. laganna. Notkun myndefnis í tengslum við fræðslu- og verkefnavinnu nemenda byggir þannig á nauðsyn til þess að framfylgja lagaskyldu á meðan notkun myndefnis til að tryggja forvarnir og rétt viðbrögð starfsmanna vegna ofnæmis barna byggir á brýnum hagsmunum hins skráða eða annars einstaklings.

---

Staður og dagsetning

---

Undirritun forsjáraðila og kennitala